

FRÁSÖGN

af fundi stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins 7. maí 2020.

Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins tóku þátt í fundinum Rósa Björk Brynjólfsdóttir formaður og Bylgja Árnadóttir alþjóðaritari. Á dagskrá voru afbrigði við starfsreglur þingsins til að gera Evrópuráðsþinginu kleift að funda með fjarfundarbúnaði.

Fyrir fundi lá samþykkt framkvæmdastjórnar um fyrirkomulag fjarfunda í nefndum þingsins. Stjórnarnefnd staðfesti þessa samþykkt og heimilaði þannig ákvarðanatöku nefnda með fjarfundarbúnaði. Einnig samþykkti stjórnarnefnd að fela fimm málefnanefndum þingsins að fjalla um afleiðingar heimsfaraldurs kórónuveiru fyrir stjórnsmál og lýðræði, mannréttindi, heilbrigðismál, jafnréttismál og málefni flóttamanna og innflytjenda.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu <https://pace.coe.int/en/>.